



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi

Reykjavík, 11. júlí 2024

USK23120184

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 11.7.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Breiðholt III, Fell - Breyting á deiliskipulagi - Völvufell - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. júlí 2024, sbr. samþykkt borgarráðs frá 28. júní 2024, á tillögu að deiliskipulagi Breiðholts III, Fells vegna Völvufells, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Björn Axelsson og Ævar Harðarson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. júlí 2024, sbr. samþykkt borgarráðs frá 28. júní 2024, á tillögu að deiliskipulagi Breiðholts III, Fells vegna Völvufells, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Björn Axelsson og Ævar Harðarson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks taka undir það sjónarmið íbúaráðs Breiðholts að æskilegt hefði verið að ná samningum um uppbyggingu stúdentaíbúða á svæðinu. Mikilvægt verði að nýta skipulag Völvufells til að tryggja æskilega félagslega blöndun í hverfinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er miður að fjarlægja eigi allar námsmannaíbúðir á þessum stað. Ekki náðist samkomulag við félögin sem standa að námsmönnum um byggingu námsmannaíbúða þarna. Námsmannaíbúðir eru hluti af góðri blöndun að mati Flokks fólksins. Það eru miklir kostir að hafa íbúðir fyrir námsmenn helst sem víðast. Með slíkum íbúðum verða auðvitað að fylgja bílastæði. Rök námsmannafélaganna tveggja voru þau að betra sé að byggja nær skólunum.

Helga Björk Laxdal

e.u.



Reykjavík